

Dómsorð:

Stefndi, Geir Hallgrímsson f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Héðins Emilssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 26. maí 1967.

Nr. 209/1964. **Einar J. Snædal** (Þorvaldur Þórarinnsson hrl.)
 gegn
Dánarbúi Leifs Helgasonar.
 (Benedikt Blöndal hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómarnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Ómerking. Frávisun. Dómhæfi kröfu.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. desember 1964, að fengnu áfrýjunarleyfi 25. nóvember s. á. Krefst hann þess, að héraðsdómurinn verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju. Svo krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Leifur Helgason hefur látizt, eftir að málinu var áfrýjað, og dánarbú hans komið í hans stað. Krefst það staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur með stefnu til vettvangsdóms Suður-Múlasýslu höfðað mál þetta „til þess að fá viðurkenndan eignarrétt sinn yfir landspildu, svonefndum „Kúahaga“, sem liggur á milli íbúðarhúsanna Reykhólts II og Fögru-Hlíðar í Eskifjarðarkauptúni“. Í kröfugerð þessari er þess ekki getið, hver séu talin mörk þessa landsvæðis né stærð þess tilgreind. Krafa er því ódómhæf, sbr. 88. gr. laga nr. 85/1936. Samkvæmt 17. gr. laga nr. 41/1919 bar og að leggja fram

í héraði nákvæman og staðfestan uppdrátt af þrætustað, en það var ekki gert. Verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Rétt þykir, að kaup meðdómenda, samtals kr. 3.000.00, greiðist úr rikissjóði, sbr. niðurlagsákvæði 2. gr. laga nr. 29/1965.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Kaup meðdómenda, kr. 3.000.00, greiðist úr rikissjóði.

Áfrýjandi, Einar J. Snædal, greiði stefnda, dánarbúi Leifs Helgasonar, kr. 8.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur vettvangsdóms Suður-Múlasýslu 23. maí 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 20. þ. m., er af stefnanda, Einari Snædal, Reykholti II, Eskifirði, höfðað gegn stefnda, Leifi Helgasyn, Fögru-Hlíð, Eskifirði, með stefnu, birtri þ. 18. marz s.l., til þess að fá viðurkenndan eignarrétt sinn yfir landspildu, svenefndum „Kúahaga“, sem liggur á milli íbúðarhúsanna Reykhólts II og Fögru-Hlíðar í Eskifjarðarkauptúni, svo og til greiðslu málskosnaðar úr hendi stefnda, stefnanda að skaðlausu.

Af stefnda hálfu er krafizt frávisunar málsins með vísun til 46. gr. laga 85/1936 og til vara sýknu af kröfum stefnanda auk þess bóta vegna óþæginda af málshöfðun þessari, málskosnaðar skv. framlögðum reikningi og loks, að stefnandi verði látinn sæta sektum fyrir bersýnilega tilefnislausu málshöfðun.

Sáttartilraun reyndist árangurslaus. Með því að rekstur málsins gekk mjög greitt, var ekki nema um einn dag að ræða, frá því er frávisunarkrafa hefði getað orðið úrskurðuð (eftir framlagningu greinargerðar stefnda þ. 19. þ. m.) til dómtöku næsta dag, sem stefnt var að þá þegar, og jafnframt, að krafan byggðist á ástæð-

um, sem varðað gátu efni málsins, var ekki kveðinn upp sérstakur úrskurður um hana, en málf lutningur um þessa kröfu sameinaður öðrum málf lutningi í málinu. Verða nú raktir málavextir.

Í greinargerð stefnanda segir svo: „Samkvæmt afsali Landsbankaútibúsins á Eskifirði til mín, dags. hinn 26. febr. 1945, eru innri takmörk hins afsalaða lands undir og umhverfis Reykholt II túngirðing Leifs Helgasonar. Túngirðing þessi var í tíð Helga, föður Leifs, og vitanlega á þeim tíma, er ég keypti land þetta, á innri lækjarbakka fyrir innan veginn heim að Fögru-Hlíð. Þetta tel ég vera hin réttu mörk hins afsalaða lands, enda þótt nefndur Leifur hafi aldrei viljað viðurkenna það. Um réttinn yfir landinu skiptir það vitanlega ekki heldur máli, þótt stefndi færði túngirðingu sína út fyrir hinn svonefnda Kúahaga, nokkru eftir að landi þessu var afsalað til mín. Á sínum tíma fann ég að þessu við stefnda, en hann mótmælti rétti mínum yfir landinu og sagðist geta sýnt mér það svart á hvítu, að hann væri búinn að semja um landið við bankann. Afsal Landsbankaútibúsins til stefnda fyrir landi hans er dags. hinn 22. marz 1945, eða tæpum mánuði eftir að mitt afsal var undirritað. Þar sem þessu er svo farið, hlýt ég að öðlast allan þann rétt yfir landinu, sem afsalið segir samkvæmt rétttri túlkun, jafnvel þó að samið hafi verið um það við stefnda eftir á, að hann skyldi fá land þetta“.

Í aðiljaskýrslu stefnanda segir hann, að þáverandi bankaútibússtjóri í Eskifirði, Benedikt Guttormsson, hafi boðið honum svæði það, sem um ræðir í máli þessu, svonefndan „Kúahaga“, til kaups í stað þess að selja honum land austan við tún stefnanda við Reykholt. Stefndi fengi annað land keypt ofan við tún sitt. Telur hann því afsal sitt vera í fullu samræmi við þetta samtal og innri mörk lands síns „túngirðing Leifs Helgasonar“. Þessu samtali er ekki fundinn staður í vitnisburði Benedikts Guttormssonar, og var umboðsmaður stefnanda þó viðstaddur það í Reykjavík. Stefndi nefnir einnig ýmis mótmæli, sem hann hafi haft uppi við stefnda vegna notkunar hans á landinu, en því mótmælti stefndi, og taldi umboðsmaður stefnanda í málf lutningi sig ekki geta sannað þessa fullyrðingu, en þar stóðu yfirlýsingar aðilja hvor gegn annarri. Þá skýrir stefndi loks þá staðreynd, að hann leið stefnda að nota land þetta í nær 19 ár, með því, að hann hefði ekki haft not fyrir það. Hins vegar telur hann sig hafa haft fullan hug á að halda eignarrétti sínum yfir landinu og því sé þessi málshöfðun fram komin.

Stefndi telur, að Benedikt Guttormsson hafi í bréfum, framlögðum í dóminum, lýst kaupum þessum rétt, en í bréfi til stefnda, dags. 29. 4. s.l., segir Benedikt m. a. svo:

„Það kom fram í bréfinu, að ég hef alltaf litið svo á, að Kúahaginn svokallaði hafi verið seldur þér, enda heyrði ég aldrei neinn ágreining um það í öll þau ár, sem ég var á Eskifirði, eftir að salan fór fram. Þetta sagði ég Einari Snædal, er hann ræddi við mig um þessi mál í vetur.“

Í bréfi rituðu 14. janúar til Valtýs Guðmundssonar fulltrúa segir hann m. a. svo:

„Sem svar við bréfi þínu, dagsettu 8. þ. m., og í sambandi við símtal okkar út af ágreiningi um lóðamörk þeirra Leifs Helgasonar og Einars Snædals, vil ég hér með láta í té eftirfarandi álit mitt:

1. Ég man ekki eftir því, að til greina kæmi, þegar ég seldi á árunum 1944—1945 lóðir á Eskifirði fyrir hönd Landsbankans, að aðrir en þeir, sem höfðu haft afnot af lóðunum, kæmu til greina sem kaupendur.

2. Lóðamörkin, sem tekin eru fram í afsali til Leifs, bera það að mínum dómi greinilega með sér, að Kúahaginn, sem Leifur hafði notað með samþykki bankans, er seldur honum.

3. Í afsalinu til Einars stendur: „Að innan túngirðing Leifs Helgasonar“. Mun það vera þessi markalýsing, sem Einar leggur til grundvallar kröfu sinni um, að hann sé eigandi Kúahagans, þ. e. tungu þeirrar, sem bankinn átti á milli hinna upphaflegu leigulóða, Hlíðar og Reykhólts. Á því er sú skýring, að þegar afsalið er gefið út til Einars hinn 26. febrúar, er þegar búið að taka einnig ákvörðun um að selja þeim Leifi og Bjarna Marteinsyni sínar lóðir með ákveðnum ummerkjum og Leifi þá sett að skilyrði að færa sína gömlu lóðargirðingu út á mörkin strax, sem hann gerir og er búinn að, þegar afsal til hans er gefið út ca. þrem vikum síðar, eða 22. marz s. á.

Lít ég svo á, að Einar hefði hlotið að gera þá strax athugasemd við það við Landsbankann sem seljanda, ef hann hefði þá talið, að Kúahaginn hefði fylgt í afsalinu til sín.

4. Þá segir í afsalinu til Einars: „Lóðin er þannig öll inngirt“, sem sýnir það, að hann kaupir aðeins það, sem þá er inngirt, þ. e. sína leigulóð. Auk þess skuldbindur hann sig til að sjá um, að ekki komi til ágreinings út af lóðamörkunum með því að viðhalda „þeim lóðamörkum, sem nú eru“ (þ. e. girðingunum).

5. Að nú skuli koma upp ágreiningur út af þessari lóðarsölu eftir nær 19 ár, án þess að á þessu tímabili hafi komið fram kvörtun til seljanda um, að hann hafi selt tveim aðiljum sama blettinn (þ. e. Kúahagann), og báðir aðiljar búið við þessi merki, endurnýjuð með tilfærslu á girðingu, sömu daga og sala fer fram, það er ofvaxið mínum skilningi“.

Loks segir stefndi í aðiljaskýrslu sinni, að þegar hann árið 1940 fékk leigumála um m. a. þrætustykkið „Kúahagann“, hafi hann flutt aðalgirðingu sína á eystri mörkum lands síns á mörk Reykholtslóðar og sett þar upp girðingu með samþykki húsráðanda í Reykholti.

Stefnandi hefur viðurkennt, að stefndi setti girðingu þarna á eystri mörkum „Kúahagans“ með nefndu samþykki. Aðal sönnunargögnin í máli þessu eru afsölin, sem lögð eru fram í dómnum í staðfestum eftirritum. Aðalefni þeirra er þetta:

Afsal til stefnda er útgefið 22. marz 1945 og fært til þinglýsingar næsta dag. Það er undirritað m. a. af B. Guttormssyni.

Þar segir: „Landsbanki Íslands, útibúið á Eskifirði, gjörir kunnugt: Að vér með bréfi þessu seljum og afsöllum til herra bifreiðarstjóra Leifs Helgasonar, Eskifirði, eignarrétti vorum á lóð úr Bleiksárlandi hér í hreppi undir og umhverfis íbúðarhús hans, Fögru-Hlíð. Takmörk lóðarinnar eru sem hér segir: Að neðan þjóðvegurinn, að utan girðing, sem liggur á mörkum Reykholtslóðar og hinnar seldu lóðar, og áfram lína upp eftir í beina stefnu af girðingunni upp á móts við girðingu þá, er kaupandi hefur sett á 60 metra kafla ofan við innri hluta lóðarinnar. Að ofan er merkjalínan bein út og fram í stefnu af þeirri girðingu. Að framan er lóð Bjarna Marteinsonar (Óslóð), og eru lóðirnar aðgreindar með girðingu upp og ofan. Andvirði ofangreindrar lóðar, kr. 1.800.00, — eitt þúsund og átta hundruð krónur —“. Afsal til stefnanda er útgefið 26. febrúar 1945 og fært til þinglýsingar sama dag. Það er einnig undirritað af m. a. „B. Guttormsson“. Þar segir:

„Landsbanki Íslands, útibúið á Eskifirði, gjörir kunnugt:

Að vér með bréfi þessu seljum og afsöllum til herra Einars J. Snædal á Eskifirði lóð undir og umhverfis íbúðarhúsið Reykholt í Eskifjarðarhreppi. Stærð og takmörk lóðarinnar eru sem hér segir: Að innan túngirðing Leifs Helgasonar. Að ofan girðing kaupanda. Að neðan vegurinn. Að utan landareign hreppsins og er takmörkuð með girðingu kaupanda. Lóðin er þannig öll inngirt.

Kaupandi lofast til að halda við þeim lóðamörkum, sem nú eru umhverfis hina seldu lóð, og ber ábyrgð á því, að ekki komi til ágreinings á komandi tímum.

Kaupverðið, kr. 1.100.00, — eittþúsund eitthundrað —, og vér svörun til vanheimildar (sic)“. Það er ljóst, að síðarnefnda afsalið gildir, ef ákvæði afsalanna stangast á. Það er gert og fært til þinglýsingar, áður en hitt er gert.

Það, sem virðist bera á milli þessara skjala, er orðalagið „túngirðing Leifs Helgasonar“, vestri mörk þess lands, sem stefnandi kaupir, og „girðing, sem liggur á mörkum Reykholtslóðar“ um eystri mörk lands þess, sem stefndi kaupir.

Vitni hafa verið leidd að því, hvar þessi „túngirðing Leifs Helgasonar“ hafi verið. Vitnið Kristinn Jónsson segir í utánréttarskýrslu, gefinni eftir beiðni stefnanda:

„Ég átti heima að Haukabergi hér á Eskifirði árin 1930—1960 og tel mig því vera allvel kunnugan hér á Eskifirði. Eftir að hafa lesið afrit af lóðarafsali Landsbankaútibúsins á Eskifirði til Einars Snædal, dags. 26. febr. 1945, skil ég afsalið þannig, þar sem talað er um túngirðingu Leifs Helgasonar sem innri lóðarmörk, að hún hafi verið 1945 staðsett á lækjarbakka innri lækjarins.

Girðing þessi lá frá Þjóðveginum til fjalls, og var varzla um Hlíðartúnið, að ég held eign Leifs eða þeirrar fjölskyldu.“

Aðspurt kveðst vitnið ekki muna um aðrar girðingar um „Kúahagann“.

Vitnið Sigurþór Jónsson gaf einnig utánréttarskýrslu, sem það kannaðist við fyrir dómi án staðfestingar, og segir svo:

„Það, sem ég man varðandi girðingar á milli Reykholt II og Hlíðar, er, að á innri bakka innri lækjarins var girðing frá vegi til fjalls austan við Hlíðartúnið.“ Þetta vitni óskaði ekki að bera um annað.

Vitnið Jónatan Helgason, Bjarkalundi, Eskifirði, gaf einnig vottorð, þar sem segir svo:

„Ég fluttist til Eskifjarðar á árinu 1940 og hef ávallt verið búsettur hér síðan. Nokkru eftir komu mína til Eskifjarðar, kom ég mér upp fjárrækt. Í því sambandi hafði ég afnot af hlöðu Einars Snædals, sem stendur ofarlega í túni hans í landareigninni Reykholt II. Af þessum ástæðum varð ég þegar mjög kunnugur í innbænum, enda var ég árum saman réttarstjóri hreppsins og þekkti sem slíkur allar girðingar og lóðamörk á þessu svæði.

Ég hef verið beðinn að segja álit mitt á því atriði, hvar „túngirðing Leifs Helgasonar“ muni hafa staðið árið 1945, en það ár fékk Einar J. Snædal afsal fyrir lóð sinni, og er áður nefnd girðing í afsalinu talin innri lóðarmörk Einars.

Þessu er því til að svara, að „túngirðing Leifs Helgasonar“ var árið 1945 staðsett á lækjarbakka innri lækjarins fyrir innan veg, sem lá upp lækjarbakkann til fjalls. Þessi girðing var varzla um Hlíðartúnið sem eystri mörk þess.“ Þetta vottorð staðfesti vitnið fyrir dómi með eiði.

Benedikt Guttormsson bankafulltrúi, Reykjavík, áður útibússtjóri á Eskifirði, kom fyrir dóm í Reykjavík og bar um mál þetta.

Hann segir m. a. þetta:

„Vitnið tekur fram, að það hafi eftir athugun á báðum afsölunum skrifað Valtý Guðmundssyni, lögræðingi á Eskifirði, það, sem vitnið vissi um þetta mál. Samrit af bréfi þessu kveðst vitnið hafa sent bankastjóra útibús Landsbankans á Eskifirði. Vitnið kvaðst ekki hafa afrit af bréfi þessu, en fari svo, að það verði lagt fram í málinu, þá kveðst vitnið fúst til að staðfesta það, sem þar greinir.

Vitnið tekur fram, að þó svo að mánuður hafi liðið á milli dagsetninga afsala til þeirra Leifs og Einars, þá muni það ekki betur en að munnlega hafi verið gengið frá sölu á öllum þessum lóðum á sama tíma. Vitnið kveðst alla tíð hafa litið svo á, að í afsalinu til Leifs hafi honum verið afsalaður hinn svo kallaði „Kúahagi“. Vitnið tekur enn fremur fram, að Leifur hafi notað hið umrædda land, a. m. k. frá þeim tíma, er afsalið var gefið út, og allt til 1958, að því er vitnið veit, en það ár fluttist það frá Eskifirði. Í þessu sambandi tekur vitnið fram, að það viti ekki til, að nokkurn tíma hafi komið til ágreinings vegna nota Leifs af landi þessu á áðurgreindu tímabili, þ. e. 1945—1958.

Aðspurt um það, við hvaða túngirðingu sé átt, þegar í afsalinu til Einars Snædals er talað um túngirðingu Leifs Helgasonar, þá kveðst vitnið álíta, að átt hafi verið við þá girðingu, sem Leifur setti síðar.

Vitnið tekur fram, að í afsali til Leifs Helgasonar komi það skýrt fram, að þá hafi Leifur þegar verið búinn að færa girðinguna.“

Þá er í málinu lagt fram staðfest endurrit af lóðarsamningi milli Landsbanka Íslands og stefnda, dags. 24. maí 1929, með viðauka, dags. 7. febrúar 1940, þar sem stefndi fær m. a. „Kúa-

hagann“ á leigu. Í fyrri samningum er tiltekin stærð lóðarinnar um Fögru-Hlíð, þá í eigu Helga Jónssonar, föður stefnda. Er hún samtals 9.200 fermetrar. „Kúahaginn“ er talinn 5.106 fermetrar, en önnur viðbótarlóð talin 5.840 fermetrar. Þannig telja aðiljar þessa samnings allt leigulandið 18.746 fermetra að stærð.

Gerður var uppdráttur af þrætulandinu af mönnum, útnefndum af sýslumanni þ. 18. maí 1963, og hefur hann verið lagður fram í dóminum. Af honum sést, að lóð stefnanda auk þrætulandsins er 11.047 fermetrar, en „Kúahaginn“ mælist 7.067 fermetrar. Það hefur komið fram ómótmælt í rekstri málsis, að stefnandi hefur aldrei greitt neina leigu eftir „Kúahagann“. Samkvæmt leigusamningnum átti hann ekki að greiða leigu fyrir en árið 1950, en fyrir þann tíma voru afsölin gerð um land þetta. Ef stefnandi er eigandi landsins, átti auðvitað að greiða honum leiguna, en ella félli hún niður, ef stefndi er eigandinn. Sönnunargögn í máli þessu hafa nú verið rakin.

Dómurinn gekk á vettvang og sannfærðist um, hvar túngirðing um Fögru-Hlíð hafði staðið innan við lækinn næst utan við Fögru-Hlíð, og er enginn ágreiningur um það atriði.

Þá kemur til álita, hvort orðalagið „túngirðing Leifs Helgasonar“ geti átt við aðra girðingu en þessa. Skýringar á því er að leita í orðunum „lóðin er þannig öll inngirt“. Það er vitað og viðurkennt, að stefndi fékk þrætustykkið ásamt öðru á leigu 7. febrúar 1940. Skömmu síðar setur hann girðingu á mörkum Reykholtslóðar og hins nýleigða lands með samþykki nágranna síns. Þetta er einnig viðurkennt. Fjárheld girðing stendur enn á þessum mörkum og gæti eftir útliti hæglega verið frá þessum tíma. Með þessari girðingu verður lóðin, sem stefnandi mun hafa haft á leigu og síðar kaupir með afsalinu 26. 2. 1945, „öll inngirt“. Orðalag á afsali til stefnanda á ótvírætt við þrætustykkið m. a. Ef með orðunum „túngirðing Leifs Helgasonar“ er átt við markagirðinguna, sem stefndi setti upp 1940, rekast þessi afsöl, sem gerð eru með 24 daga millibili af sama aðilja, Landsbankaútibúin á Eskifirði, ekki á. Vitnisburður Benedikts Guttormssonar ber með sér, að sölur þessar hafi verið ráðnar samtímis og jafnframt bent á, að engum athugasemdamum var hreyft við seljanda af hálfu stefnanda þau 13 ár, sem Benedikt veitti bankaútibúinu forstöðu eftir þetta, enda telur hann tvímæla-laust, að stefnda hafi verið seldur „Kúahaginn“. Rétt er að athuga verð og stærð hinna seldu lóða.

Lóð stefnanda án „Kúahagans“ er skv. uppdrætti 1. júní 1963 11.047 fermetrar og kaupverð kr. 1.100.00. Lóð stefnda án „Kúahagans“ er skv. lóðarleigusamningum frá 1929 og 1940 13.040 fermetrar. Kaupverð stefnda var kr. 1.800.00. Lóðirnar virðast ekki hafa verið mældar, þegar afsölin voru gerð, heldur byggt á tölum leigusamnings, a. m. k. við stefnda, en þar er „Kúahaginn“ talinn 5.106 fermetrar, þótt hann reyndist stærri við mælingu 1963. Samtals verður þá lóð stefnda að viðbættu þrætustykkinu 18.146 fermetrar að áliti seljanda lóðanna. Að athuguðu verðinu virðist auðsætt, að það hefur verið ákveðið með tilliti til ætlaðrar stærðar, því sem næst kr. 0.10 pr. fermetra, og stefnanda ætlaðir ca. 11.000 fermetrar fyrir kr. 1.100.00, en stefnda ca. 18.000 fermetrar fyrir kr. 1.800.00. Að öllu þessu virtu virðist dóminum upplýst, að orðin „túngirðing Leifs Helgasonar“ með hliðsjón af því, að „lóðin er þannig öll inngirt“, og ábyrgð þeirri, sem stefnanda er gerð á ágreiningi um mörkin í framtíðinni í afsalinu til stefnanda 26. febrúar 1945, feli ekki í sér, að í afsalinu hafi verið átt við þrætustykkið í máli þessu. Í munnlegum málflutningi lagði umboðsmaður stefnanda áherzlu á, að ekki gæti verið átt við aðra girðingu í afsalinu en girðinguna um Fögru-Hlíðartúnið, að afsalið til stefnanda er fyrir í tíma og því rétthærra en afsal stefnda og að lóðarsamningur sá, sem lagður er fram í málinu, sé ekki grundvöllur undir forkaupsrétti gagnvart stefnanda, þar eð honum var ekki þinglýst. Hann benti á skýringu stefnanda á því, að ekki var fyrir en fyrir ca. einu ári gerður reki að því að heimta yfirráð yfir þrætulandinu, og taldi, að stefnda hefði borið að bjóða fram leigugjald. Um hefð væri ekki að ræða, þar eð ekki voru liðin 20 ár, frá því er hefðartími gat hafizt. Hann mótmælti frávísunarkröfu stefnda á þeim forsendum, að hin ívitnaða lagagrein ætti ekki við, taldi, að bóta-krafan væri aðeins áskilnaður um rétt og taldi rök beggja málsaðilja svo mikilvæg, að ekki kæmi til mála að sekta stefnanda skv. 188. gr. laga 85/1936 fyrir bersýnilega tilefnislausu málshöfðun. Loks taldi hann fráleitt að meta þrætulandið svo hátt sem umboðsmaður stefnda gerði og leggja það til grundvallar málskostnaðarkröfu, sem hann mótmælti sem fjarstæðukenndri.

Umboðsmaður stefnda taldi frávísunarkröfu sína eðlilega, þar sem Landsbankaútibúið kveðst í afsalinu til stefnanda svara til vanheimildar og hefði því borið að stefna því.

Hann taldi sér ekki fast í hendi, að frávísunarkrafan hefði orðið flutt sérstaklega og úrskurðuð fyrir í málinu, þar eð til-

gangurinn með henni væri ekki að tefja málið. Hann taldi afsölin ekki ógreinileg, eins og haldið var fram af stefnanda hálfu, ef þau væru lesin öll og tiltækra skýringa aflað, m. a. vætti Benedikts Guttormssonar skoðað, en á þýðingu þess lagði hann aðaláherzlu. Þá taldi hann, að „túngirðing Leifs Helgasonar“ ætti ekki við túngirðingu föður Leifs og að lóðin, sem stefndi fékk afsal fyrir, hafi öll verið inngirt, sýni, að átt er við aðra girðingu. Hann féll frá kröfunni um skaðabætur í þessum rétti, en heldur fast við kröfu sína um, að stefnandi verði látinn sæta sekt skv. 188. gr. laga 85/1936 fyrir bersýnilega tilefnislausu málshöfðun og taldi málskostnaðarkröfu sína hóflega.

Þá skulu hinar einstöku dómkröfur virtar.

Fallitz er á mótmæli umboðsmanns stefnanda gegn frávísunarkröfu stefnda. Auk þess er réttum aðilja stefnt, þar sem stefndi hefur notað hið umdeilda land sem sína eign frá 1945 og varð því að stefna honum til að fá viðurkenndan rétt stefnanda yfir því. Málinu verður því ekki vísað frá dómi.

Einnig er fallitz á mótmæli af stefnanda hálfu gegn skaðabótakröfu umboðsmanns stefnda, og verður hún ekki tekin til greina.

Af stefnda hálfu var fallið frá skaðabótakröfunni.

Um efnishlið málsins hefur þegar verið fjallað, og verður ekki hægt að taka kröfu stefnanda um viðurkenningu á eignarrétti hans á þrætuandinu, svokölluðum „Kúahaga“, til greina með vísun til þess, sem þar segir, heldur verður að taka varakröfu stefnda um sýknu af kröfum stefnanda til greina.

Um úrskurðun á kostnaði við einstakar dómsathafnir er það að segja, að stefnandi greiddi þingfestingarkostnað, en síðan voru engar dómsathafnir framkvæmdar, sem kostnað báru, fyrr en gengið var á vettvang og málinu lokið í tveim þinghöldum dag eftir dag. Eftir úrslitum málsins ber stefnanda að greiða þann kostnað, sem af þeim dómsathöfnum leiðir, ásamt öðrum kostnaði málsins. Stefnandi hefur á sinn kostnað aflað uppdráttar af þrætusvæðinu.

Kostnaður við dómsathafnir og dómsstörf er þóknun meðdómsmanna, þinghöld og dómsuppsaga, kr. 1.500.00 til hvors = 3.000.00.

Annar málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 6.000.00.

Dómurinn getur þess, að aðiljar málsins voru við öll þinghöld í málinu staddir. Dóm þennan kváðu upp Axel V. Tulinius sýslumaður og meðdómsmennirnir Ásgeir Júlíusson fulltrúi og Guðni Jónsson trésmíðameistari.

Dómsorð:

Stefndi, Leifur Helgason, skal vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Stefnandi, Einar J. Snædal, greiði stefnda í málskostnað kr. 6.000.00. Enn fremur greiði hann kostnað við dóminn, kr. 3.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 26. maí 1967.

Nr. 141/1966. **Dánarbú Sigtryggs Péturssonar**

(Ragnar Steinbergsson hrl.)

gegn

Helga Hálfánarsyni og

Bæjarstjóranum á Húsavík f. h. Húsavíkurkaupstaðar (Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dó m e n d u r:

hæstaréttardómarnir **Gísur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og Hákon Guðmundsson** yfirbergardómari.

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sigtryggur Pétursson hefur látizt, eftir að málinu var áfrýjað, og dánarbú hans komið í hans stað.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. júlí 1966, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. júní 1966. Krefst hann þess, að héraðsdómurinn verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og þeim dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

I Hæstarétti hefur verið lagt fram bréf bæjarstjórans á